

rannsóknarverkefnum. Stjórnin setur forstöðumanni erindisbréf þar sem nánar er kveðið á um verksvið hans.

Um ráðningu annars starfsfólks fer eftir ákvæðum reglna fyrir Háskóla Íslands. Sé um að ræða ráðningu í starf og ekki er gert ráð fyrir því starfsheiti í reglunum fer stjórn stofnunarinnar eða forstöðumaður í umboði hennar með ráðningarmálið.

8. gr.

Fjármál.

Tekjur stofnunarinnar eru eftirfarandi:

- a. framlag frá stjórn málafræðiskor,
- b. framlag frá samstarfsaðilum,
- c. styrkir til einstakra verkefna,
- d. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- e. tekjur af útgáfustarfsemi og námskeiðahaldi,
- f. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlög úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Stofnunin hefur sjálfstætt fjárhald en stjórn málafræðiskor og félagsvísindadeild bera á henni fjár-ábyrgð. Fjárhagsáætlanir og uppgjör skulu kynnt forseta félagsvísindadeildar.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

9. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 28. júní 2002.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

AUGLÝSING

um nafn sameinaðs sveitarfélags Gnúpverjahrepps og Skeiðahrepps.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest nafn hins sameinaða sveitarfélags sem varð til í umdæmi sýslumannsins á Selfossi hinn 9. júní 2002 við sameiningu Gnúpverjahrepps og Skeiðahrepps í eitt sveitarfélag, sbr. auglýsingu nr. 238/2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

Félagsmálaráðuneytinu, 3. júlí 2002.

Páll Pétursson.

Guðjón Bragason.